

Samkomulag um aukna byggðafestu á Flateyri

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 400 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðiárin, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023, 2023/2024 og 2024/2025 auk mótframlaga samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Flateyri. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila dags. 15. ágúst 2019 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 17. desember 2019.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Vestfiskur Flateyri ehf. kt.631219-4700, Hafnarbakki 5, 425 Flateyri
- Vestfiskur ehf. kt.691093-2209, Freyjugötu 2, 430 Suðureyri
- Klofningur ehf. kt.470197-2349, Aðalgötu 59, 430 Suðureyri
- Aurora Seafood ehf. Kt.510613-1200, Álfabyggð 4, 420 Súðavík
- Fiskvinnslan Íslandssaga hf. kt.481299-3069, Freyjugötu 2, 430 Suðureyri

1.

Umsjón og rekstur þessa samnings verður á forræði Vestfisk Flateyri ehf. Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu á Flateyri. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsársstarfsemi, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Flateyri og á aðliggjandi vinnusóknarsvæði.

2.


Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023, 2023/2024 og 2024/2025 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðiárs hefst ekki fyrr en staðið hefur verið skuldbindingar næsta fiskveiðiárs á undan. Samningur þessi byggir á stjórnýsluákvörðun sem tekin var af stjórn Byggðastofnunar þann 17. desember 2019 og aðilar eru meðvitaðir um að sætt getur kæru til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem ráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Á Flateyri mun Vestfiskur Flateyri ehf. verða með blautvinnslu á Sæbjúgum ásamt þurrkun. Einnig verður þar þurrkun og frekari vinnsla úr roði og hryggjum fyrir gæludýr og til manneldis. Fiskvinnslan Íslandssaga hf. mun vinna bolfisk í vinnslu félagsins á Suðureyri og mun Klofningur ehf. taka við aukaafurðum til áframvinnslu hjá Vestfiski Flateyri ehf. á Flateyri. Aurora Seafood ehf mun sjá um veiðar á sæbjúgum og bolfiski. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjöldu sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 15. ágúst 2019 og er samningurinn gerður með fyrirvara um að fyrirhuguð atvinnuuppbygging á Flateyri gangi eftir.

4.

Byggðastofnun leggur til 400 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna að minnsta kosti 400 tonn af sæbjúgum og krossfiski ár hvert á Flateyri. Einnig vinna afurðir úr roði og hryggjum bæði til manneldis og fyrir gæludýr en Klofningur hefur yfir að ráða 3-4000 tonnum af hryggjum og um 700 tonnum af



Handwritten signatures and initials in blue ink, including the name GAB.

roði. Félögin ráðgera að leggja um 200 m.kr. sem hlutafé í Vestfisk Flateyri ehf. vegna verkefnisins á næstu 2 árum.

5.

Framsaf aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr. 9.gr. reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.


Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 15. ágúst 2019.
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Flateyri, Súðavík og Suðureyri með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. 4. mars 2020

Flateyri 6. mars 2020



f.h. Byggðastofnunar.



f.h. Klofnings ehf.



f.h. Aurora Seafood ehf.



f.h. Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf.



f.h. Vestfisk ehf.



f.h. Vestfisk Flateyri ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

 221178-5219

 090853-5549